



Reglur vegna efnilegra ungmenna sem leggja stund á íþróttir, tómstundir og listir í Vinnuskóla Borgarbyggðar

1. grein

Öll ungmenni á aldrinum 13 til 16 ára, með lögheimili í Borgarbyggð, sem skara fram úr og hafa sýnt sérstaka hæfileika á sínu sviði geta sótt um að stunda íþrótt-, tómstund eða listir í Vinnuskóla Borgarbyggðar.

2. grein

Markmið Borgarbyggðar með reglum þessum er að koma til móts við þau ungmenni sem geta ekki með sama hætti og jafnaldrar þeirra unnið sumarvinnu hjá Borgarbyggð vegna mikils álags, skipulags eða annarra sannarlegra þátta sem tengist íþrótt þeirra, tómstundum eða listum.

3. grein

Þegar styrkjum er úthlutað er horft til eftirfarandi viðmiða:

- Meðmæli þjálfara, kennara eða annars leiðbeinanda umsækjanda sem fylgja skulu með umsókninni. Þar skulu koma fram upplýsingar um ástundun, hæfileika, virkni og framkomu umsækjandans.
- Upplýsingar frá umsækjanda um hvernig hann hyggst haga vinnutíma sínum. Sé um slíkt að ræða þarf að tilgreina starfshlutfalli og hvort óskað er eftir hlutastarfi í Vinnuskóla Borgarbyggðar.
- Gæta skal jafnræðis við val á umsækjendum bæði hvað varðar kynferði sem og milli listgreina og íþrótt- og tómstundagreina. Þessa jafnræðis skal gætt innbyrðis við hverja úthlutun sem og á milli ára.
- Launþegar taki þátt í viðburðum á vegum sveitarfélagsins, svo sem 17. júní hátíðarhöldum.
- Launþegi skal útfylla sérstaka skilagrein og skila henni til Borgarbyggðar að afloknu starfstímabili. Hann skal þar gera grein fyrir nýtingu tímans sem varið er í það verkefni sem greitt er fyrir.
- Börn sem sækja íþróttæfingar/tómstundaæfingar utan sveitarfélagsins hafi tækifæri til þess að sækja um styrkin. Gert er að ráðfyrir að þau mætti í vinnuskólann þegar ekki eru æfingar.
-

4. grein

Laun eru greidd í samræmi við samþykktan taxta hverju sinni og í jafn langan tíma og samsvarar aldri hvers og eins. Gera þarf samkomulag við vinnuskólann um útfærslu. Séu börn í æfingum hlutadagsins er gert ráðfyrir að þau mætti í vinnuskólann þann hluta dags sem ekki eru æfingar.

5. grein

Auglýst er eftir umsóknum á sama tíma og auglýst er eftir umsóknum í Vinnuskóla Borgarbyggðar. Í henni koma fram viðmið Borgarbyggðar og önnur skilyrði. Umsókn er hægt að nálgast í íbúagát Borgarbyggðar undir umsókn í Vinnuskóla.

6. grein

Verkefnastjóra tómstundamála og sviðsstjóri fjölskyldusviðs Borgarbyggðar afgreiða umsóknir.